



FRÆKORNID


FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

STIKLINGAR Klipping og geymsla

HVERJU Á AÐ FJÖLGA?

Plöntuhluti sem notaður er til þess að rækta af nýja plöntu nefnist stiklingur. Stiklingur sem kominn er með rætur og blöð og þannig orðinn sjálfstæð planta nefnist græðlingur.

Þær trjátegundir sem best henta til þess að fjölga með stiklingum hérlendis eru víðitegundir og alaskaösp. Selja er þó víðitegund sem er undanskilin, en henni er erfitt að fjölga með stiklingum. Ekki er hægt á einfaldan hátt að fjölga birki, reynivið eða barrtrjám með stiklingum.



Stiklingar



Græðlingur

Ekki er hægt að fjölga öllum trjám með stiklingum



Ösp



Viðir




Birki, elri,
reyniviður, selja




Barrtré

Bestu stiklingarnir fást
af 1 – 2ja ára sprotum



Þegar fjölga á plöntum með stiklingum er mjög mikilvægt að velja móðurplöntuna, þ.e. plöntuna, sem klippt er af, gaumgæfilega. Planta, sem vaxin er upp af stiklingi er erfðafræðilega eins og móðurplantan og því þarf hún að hafa þau einkenni sem við teljum æskileg. Öll þau tré, sem ræktuð eru með stiklingum út frá sama einstaklingi, kallast klónn af móðurplöntunni. Því er hægt að gera ráð fyrir að þau líkist mjög móðurplöntunni, vaxi þau við sömu skilyrði.




Veljið fallet móðurtré

KLIPPING

Stiklingaefni má safna frá því seint á haustin og allt fram á vor, eða frá því að vexti er lokið og meðan dvali stendur yfir. Algengasti tíminn til að klippa stiklinga er síðla vetrar, þ.e. í mars eða apríl. Best er að miða við, að í góðu lagi sé að klippa stiklingaefni, svo fremi sem brum séu ekki farin að springa út. Þar sem hættu er á að móðurplantan skaðist yfir vetrinn, t.d. af völdum kals eða beitar, og þannig skemmist besta stiklingaefnið, er mælt með því að stiklingar séu klipptir seint á haustin eða fyrri part vetrar. Tíminn nóvember-desember hentar yfirleitt ágætlega.

Besta stiklingaefnið eru ungir og ferskir 1 -2ja ára sprotar. Gæta þarf þess að klippa allt kal frá. Sprotarnir eru klipptir niður í stiklinga með beittum klippum, til að gera eins hreint sár og hægt er og merja ekki stiklingana til endanna. Þeir skulu vera 15 - 20 cm langir og hafa a.m.k. 3 - 4 brum. Æskilegt er að þeir séu ekki grennri en 0,5 cm í þvermál og að lengdin frá efsta brumi að efri enda sé 1 - 2 cm. Ekki á að skilja eftir neinar hliðargreinar á stiklingnum.



Stiklinga er hægt að klippa seint á haustin og fram á vor, meðan tré eru í dvala


GEYMSLA

Sjaldnast er hægt að stinga stiklingum beint í jörð eftir klippingu vegna snjós eða klaka í jörðu. Þá er ágætt að bunta stiklingana fyrst, 20 - 25 stk. í bunt og bregða teygju utan um. Mikilvægt er að gæta þess að þeir snúi allir eins í búntunum, þ.e. að brumin vísi öll í sömu átt. Búntin eru sett í plastpoka með loftgötum. Þeir eru síðan settir í kæli og geymast þannig í talsverðan tíma. Séu ekki tók á kæligeymslu má geyma þá á köldum stað eða grafa þá í sand utanhúss.

Geymslunni þarf þó að vera þannig háttáð að hægt sé að fylgjast með því að þeir hvorki fúni eða ofþorni.

Stiklingar klipptir að hausti þola að jafnaði lægra hitastig en þeir sem klipptir eru að vori. Þá er best að geyma í frysti yfir veturinn í loftþéttum plastpoka. Hálfum mánuði fyrir stungu eru þeir teknir úr frystinum, göt stungin á pokana og þeir settir í kæli.

Geymsla stiklinga



Stiklingabúnt (25 - 30 stk.) sett í götötta plastpoka. Öll brum eiga að snúa eins

Hauststiklingar í frysti

Vorstiklingar í kæli eða grafnir í sand úti



ISSN 1605-5020

